



*En leitið fyrst ríkis
Hans og réttlætis, og
þá mun allt þetta
veitast yður að auki.*

Fagnaðarboði

Huggarinn, Andinn Heilagi.

Hjarta yðar skelfist ekki; trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru mörg híbýli; væri ekki svo, mundi ég þá hafa sagt yður, að ég færi burt að búa yður stað? Og þegar ég er farinn burt og hefi búið yður stað, kem ég aftur og mun taka yður til mín, til þess að þér séuð og þar sem ég er. Og veginn þangað sem ég fer þekkið þér. Tómas segir við Hann: Herra, vér vitum ekki hvert þú fer; hvernig skyldum vér þá þekkja veginn? Jesús segir við hann: Eg er vegurinn og sannleikurinn og lífið, enginn kemur til Föðurins nema fyrir mig. Ef þér hafið þekkt mig, munuð þér og þekkja Föður minn. Og héðan í frá þekkið þér Hann og hafið þegar séð Hann. Filippus segir við Hann: Herra, sýn þú oss Föðurinn, og þá nægir oss. Jesús segir við hann: Svo langa stund hefi ég með yður verið, og þú, Filippus, þekkir mig ekki? Sá, sem hefir séð mig, hefir séð Föðurinn; hvernig segir þú: Sýn þú oss Föðurinn? Trúir þú ekki, að ég er í Föðurnum og Faðirinn í mér? Þau orð, sem ég tala til yðar, þau tala ég ekki af sjálfum mér; en Faðirinn, sem í mér er, Hann gjörir verk sín. Trúið mér,

að ég er í Föðurnum og Faðirinn í mér; en ef ekki, þá trúið mér vegna sjálfra verkanna. Sannlega, sannlega segi ég yður: sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau verk, sem ég gjöri, og hann mun gjöra enn meiri verk en þessi. Því að ég fer til Föðurins, og hvað sem þér biðjið um í mínu Nafni, það mun ég gjöra, til þess að Faðirinn verði vegsamlegur í Syninum. Ef þér biðjið einhvers í mínu Nafni, mun ég gjöra það. Ef þér elskið mig, þá munuð þér halda boðorð mín. Og ég mun biðja Föðurinn, og Hann mun gefa yður annan Huggara, til þess að Hann sé hjá yður eilíflega, Anda Sannleikans, Hann, sem heimurinn getur ekki tekið á móti, af því að hann sér Hann ekki og þekkir Hann ekki heldur; þér þekkið Hann, af því að Hann dvelur hjá yður og er í yður. Ekki mun ég skilja yður eftir munaðarlausu. Eg kem til yðar. Innan skamms mun heimurinn ekki sjá mig frammar, en þér munuð sjá mig, því að ég lifi og þér munuð lifa. Á þeim degi munuð þér komast að raun um, að ég er í Föður mínum, og þér í mér, og ég í yður. Sá, sem hefir mín boðorð og heldur þau, hann er sá sem elskar mig. En sá sem elskar mig, mun verða elskaður af Föður mínum, og ég mun

Hjarta yðar skelfist ekki.

Veitum því sérstaka athygli að hér er Jesús að tala við lærisveina sína, rétt áður en Hann skildi við þá. Hann huggar þá og boðar þeim að standa stöðugir í trúnni. Hann segir þeim frá hinum eilífu Föðurhúsum, sem Hann muni búa þeim áður en Hann komi og taki þá til sín. Hann minnir þá á hver vegurinn er inn í Guðsríkið og sýnir að þangað er ekki hægt að komast nema fyrir samfélagið við Hann, þar sem engir aðrir möguleikar eru til frelsunar.

Tómas skildi ekki hvernig Jesús er vegurinn, en langaði til að sjá Föðurinn.

Margir eru í dag, sem vilja sjá Guð án Sonarins. Þeir vita ekki að fyrir utan Soninn getur enginn litið Guð og lífi haldið, því aðeins í Syn-

elska hann og sjálfur birtast honum. Júdas — ekki Júdas Ískariót —, segir við Hann: Herra, hvernig stendur á því, að þú vilt birtast oss og ekki heiminum? Jesús svaraði og sagði við hann: Hver sem elskar mig, mun varðveita mitt Orð, og Faðir minn mun elska hann, og til hans munum við koma og gjöra okkur bústað hjá honum. Sá, sem ekki elskar mig, hann varðveitir ekki mín Orð, og það Orð, sem þér heyrið, er ekki mitt, heldur Föðurins, sem sendi mig.

Þetta hefi ég talað við yður, meðan ég var hjá yður, en Huggarinn, Andinn Heilagi, sem Faðirinn mun senda í mínu Nafni. Hann mun kenna yður allt, og minna yður á allt, sem ég hefi sagt yður. Frið læt ég eftir hjá yður, minn frið gef ég yður; ekki gef ég yður, eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist. Þér heyrðuð, að ég sagði við yður. Eg fer burt og kem til yðar, ef þér elskuðuð mig, þá munduð þér hafa glaðst af því, að ég fer til Föðurins; því að Faðirinn er mér meiri. Og nú hefi ég sagt yður það, áður en það kemur fram, til þess að þér trúíð, þegar það er komið fram. Eg mun ekki framar tala margt við yður, því höfðingi heimsins kemur. Og í mér á hann alls ekkert. En heimurinn á að komast að raun um, að ég elska Föðurinn, og að ég gjöri eins og Faðirinn hefir boðið mér. Standið upp, vér skulum fara héðan.

Jóh. 14. kap.

inum birtist Guð náðugur og miskunnsamur syndugum mönnum. Þeir einir geta staðist fyrir augliti Guðs, sem hafa meðtekið líf af Syninum. „Nema þér etið mitt hold og drekkið mitt blóð, hafið þér ekki líf í yður.“

Í Kristi er oss öllum fyrirbúið að sjá Föðurinn og Hans verk, þar sem öll fylling Guðdómsins, opinberast í Honum.

Jesús fullvissar lærisveina sína um, að þótt Hann fari frá þeim, þá muni Hann halda áfram að vinna náðarverk sín, í þeim sem trúa, og að hin margvíslegu undraverk trúarinnar muni ekki minka, heldur miklu fremur aukast, því Hann og Faðirinn mundu ríkulega bænheyra sín börn, Föðurnum til dýrðar.

Vinurinn mundi biðja fyrir vinunum, sem elskuðu Hann og senda þeim Huggarann, sem ekki mundi við þá skilja eilíflega. Þannig gefur Hann sínum hin fegurstu fyrirheit.

En hinir óguðlegu munu hvergi sjá Guð, hvorki í Kristi né neinum verkum Hans, því enginn getur Guðsríki séð, nema hann endurfæðist. Aftur á móti standa dyr Guðsríkis opnar hinum endurfæddu svo að þeir megi reyna hvað Guð er góður Faðir í Kristi.

Svo spyrja margir eins og Júdas. Hvers vegna Hann birtist sínum en ekki heiminum.

Vér þökkum fyrir hvað náðardagurinn er langur, því hvernig ætti Hann að birtast heiminum nema til dóms. Sínum birtist Hann alla tíma til að veita þeim náð.

Gangið því í dag frá að heyra heiminum til, svo miskunn og náð Guðs megi verða ykkar hlutskipti.

Jesús notar hina síðustu stund til að undirbúa lærisveina sína undir burtför sína og minnir þá á að Huggarinn, Andinn Heilagi, sem Faðirinn mundi senda í sínu Nafni muni kenna þeim og minna þá á allt, sem Hann hafði talað til þeirra, svo að þeir þurfi hvergi að skelfast.

Öll Hans orð, þjónusta og líf, miða að því að vegsama Föðurinn, fullkomna Hans kærleiksverk, opinbera Hans dýrð, kunngjöra Hans náð og veita þeim sinn frið, sem Hann hefir samið og innsiglað með fórnar Blóði sínu, syndugum mönnum til handa. Það er hinn eilífi Fagnaðarboðskapur.

Einar Einarsson

Ákallið Drottinn.

Eg segi yður: Hann mun láta þá ná rétti sínum skjótlega. Allt um það, mun þá Manns-Sonurinn finna trúna á jörðinni er Hann kemur? Lúk. 18, 8.

Þessi spurning er lögð fyrir alla og ætti hún að vekja ótta og iðrun í hjörtunum, því að Guðs Orðinu er sáð til þess að ávöxtur trúarinnar komi í ljós hjá þeim er heyra og varðveita það. Drottinn kemur, en hver fær þá staðist?

Þeir þekktu Guð fyrir flóðið, og þeim var kunnugt um það, að Enok gekk með Guði og Guð nam hann burt en þeir sinntu því ekki.

Nói bar ávöxt og varð erfingi trúar réttlætis-ins.

Sómuleiðis, eins og var á dögum Lots: Menn átu, drukku, keyptu, seldu, gróðursettu og reistu hús. Lúk. 17, 28.

En sinntu ekki um að lifa réttlætinu og dagurinn kom yfir þá með eldi og brennisteini en Drottinn frelsaði Lot hinn réttláta mann.

Þetta er aðvörun til allra, það er ekki nóg að vita að Guð sé til og tala um Hann. Það eina sem nægir er að lifa og hljóta réttlætið sem fæst fyrir trúna á Jesúm Krist.

Orð Guðs rannsakar hverja hugsun, orð og verk mannanna, þessvegna er enginn friður, en ótti og skelfing fylla hjörtun, allt þar til að fullkomin sannfæring um frið við Guð er fengin, og ekki stendur á Drottni að miskunna þeim er til Hans flýja.

Það fengu Níníve-menn að reyna þegar þeim var boðað að stund dómsins væri í nánd, þá trúðu þeir Guði og óttuðust, þeir stóðu upp úr tignar sætum sínum, auðmýktu sig fyrir Drottni og ákölluðu Guð ákaflega, föstuðu og létu af sínum vondu verkum og Drottinn aflétti sinni brennandi reiði og veitti þeim frið.

Níníve-menn munu koma fram í dóminum ásamt kynslóð þessari og dæma hana seka, því að þeir gjörðu iðrun við prédikun Jónasar; og sjá, hér er meira en Jónas. Matt. 12, 41.

Lærisveinarnir og söfnuðirnir heyrðu Drottinn, himinin var og er opinn í eyranu í Heilögum Anda. Þar er engin fjarlægð en þeir eru

með Kristi frammi fyrir háseti Hans, svo að þeir sjái dýrð Hans og heyri áminningar Orðið.

Hver sem eyra hefir, hann heyri, hvað Andinn segir söfnuðunum. Op. 3, 22.

Því án þess að heyra er Guðs þjónustan eins og andvana lík.

Þar sem hræið er, þar munu ernirnir safnast. Matt. 24, 28.

Þeir fyrirlétu sinn fyrri kærleika svo falspámennt og kennarar smeygðu inn sínum villu kenningum, er þeir skreyta með yfirskini Guðshræðslunnar.

Og drekin gaf því mátt sinn og háseti sitt og vald mikið. Op. 13. 2.

Nú var þjónustan orðin dýr í anda, hún var fallin frá að heyra Drottinn, en heyrði nú dregann og tilbað hann, þáði þær gjafir sem Drottinn Jesús afneitaði er Hans var freistað af djöflinum og allir þeir sem ekki eiga nafn sitt innritað í lífsbók Lambsins munu tilbiðja það. En allir þeir heilagir þjónar Krists, sem eiga nöfnin sín í lífsins bók, þeir eru ofsóttir, hataðir og deyddir, en þó glaðir, því þeir þekkja Hirðis raustina og vita að þetta er vegurinn að hásetinu.

Sá er sigrar, hann mun ég láta sitja hjá mér í háseti mínu. Op. 3, 21.

Tíminn er stuttur. Drottinn kallar: Sjá ég kem skjótt. Hann kemur til að gjalda hverjum eftir verkum þeirra. Þá er ákalla Hann dag og nótt lætur Hann ná rétti sínum, en alla óguðlega dæmir Hann.

Enn hefir Drottinn yndi af að miskunna. Þess vegna láti enginn áminningar Orðið fara fram hjá sér, en ákalli Drottinn ákaflega með iðrun og þakkargjörð.

Halldóra S. Einarsdóttir.

**Almennar samkomur
boðun Fagnaðararindisins
Austurgötu 6 — Hafnarfirði.**

Sunnudaga kl. 2 og 8 e. h. — Þriðjudaga kl. 8 e. h.
Fimmtudag kl. 8 e. h. — Laugardaga kl. 8 e. h.

Sæll, eða ekki sæll.

*Sæll er sá, er afbrotin eru fyrirgefin,
synd hans hulin. Sálms. 32, 1.*

Eg var mjög ung, er ég fór að þrá að verða sæl, og fannst að hin æðsta sæla mundi vera í því fólgin að vera Guðs barn. Samvizkan ásakaði mig um synd og þar með afsannaði mig sem Guðs barn. Eftir að mér óx skilningur og ég fór að læra kristin-fræðin, sannfærðist ég betur og betur um, að synd ætti ekki að ríkja í, eða drottna yfir þeim kristnu og að ég gat ekki verið hvorttveggja í senn syndari — eins og samvizkan áklagaði mig um — og kristin eins og Guðs Orðið bauð mér.

Eg var sannfærð um, að mamma mín, sem ég hafði mjög óljósar endurminningar um, — nema leiðið hennar í kirkjugarðinum, — væri komin til Guðs, og þangað þráði ég einnig að komast. Mér var einnig ljóst, að til þess yrði ég í sannleika að vera Guðs barn. Þeir fáu, sem ég hafði djörfung til að tala við um þetta, sögðu mér að ég væri það. Eg hefði verið gróðursett á Kristi í skírninni, sem ómálga barn, og svo ætti að kristna mig, það er; ég ætti sjálf að staðfesta skírnarsáttmálann og eftir það yrði ég sjálf að bera ábyrgð breytni minnar.

Allt þetta varð mér ærið umhugsunarefni. Mér varð fullljóst að ég hafði margvíslega brotið á móti Guðs náð.

Aðrir fyrir mína hönd höfðu gróðursett mig á Kristi, til að vera Honum lík, bera Honum ávexti, að Hans lunderni byggi í mér, vera hrein og heilög, en varð þá að játa að með hverju árinu, sem leið, náði syndin meiri tókum á hug og hjarta.

Þrátt fyrir þann ásetning minn, um að breyta betur næsta ár, en það liðna, varð ég alltaf að viðurkenna (fyrir sjálfri mér) við næstu áramót, að hinn góði ásetningur hefði beðið ósigur. Það var syndin, sem ríkti, en Guðs Orð segir: Látið því ekki syndina ríkja í dauðlegum líkama yðar, svo að þér hlýðnist girndum hans. Róm. 6, 12. En þótt ég væri viss um, að það væri eftirsóknarvert, að vera í sannleika Guðs barn, komu tímabil, sem ég jafnvel reyndi að þagga

þessa rödd niður og láta mér lynda að vera eins og allur þorri þeirra, er ég þekkti.

En Drottinn var mér náðugur. Hann, sem vill ekki dauða syndugs manns. Hann lét ekki af að tala til mín og þá er ég var um tvítugt og fór fyrst til Reykjavíkur, þráði ég ekki að sjá eða kynnast þessu eða hinu, sem þeir sem þangað fóru töluðu um, heldur það eitt ef ég hitti einhvern, sem gæti leiðbeint mér, en vonsvikin hvarf ég svo aftur heim í sveitina.

Að vísu hitti ég einn, sem að fyrra bragði talaði við mig um Drottinn, en ég skildi hann ekki þá. Það var Sigurður Sigvaldason, sem ég síðar komst að raun um að var lærisveinn Jesú Krists.

Ástand mitt var nú orðið syndaneyð. Mér var lífið óbærilegt en dauðinn skelfing. Dæi ég í þessu ástandi, var ég þess fullviss að mín biðu kvalir helvítis. Eg reyndi að biðja um fyrirgefningu syndanna. Þá var það að systir mín, sem hlotið hafði andlega blessun, fyrir boðun Orðsins hjá Hjalpræðishernum, sendi mér Biblíu ásamt uppörvun til að lesa hana. Í henni fengi ég að vita, að mig vantaði að játa syndirnar fyrir Drottni og þiggja fyrirgefninguna, sem Hann hafði búið mér fyrir friðþægingu Jesú Krists. Náðarstundin rann upp mér til handa.

Lofaður veri Drottinn, sem lét ljós sitt skína í hjarta mitt og gaf mér fullvissu um fyrirgefningu syndanna, fyrir Krists blessaða úthellta Blóð. Hvílikur mismunur frá því að vera vansæl og friðvana og nú mega njóta Hans sæla friðar.

Biblían var mér sú uppspretta friðar og gleði sem ég get ekki með orðum lýst. Nú varð ég fullviss þess að mér tilheyrði Guðsbarna rétturinn. Það hafði skeð gjörbreyting hið innra með mér. Eg var orðin ný skepna. Nú varð mér það ljóst, að mér bar að útbreiða Fagnaðarerindið, að Jesús Kristur kom í heiminn til að fyrirgefa og burt taka syndir, en þar sem ég var bæði óframfærin og óupplýst í sannleikanum, þráði ég að komast í samfélag þeirra, sem hlotnast hafði náð í endurfæðingu og köllun til að þjóna Drottni og bjóst ég helst við að þeirra væri að leita í Reykjavík. Þangað ákvað ég því að fara með vorinu. Eg var sæl og vonglöd. Nú var það ekki þungbært þó að fólkið ekki skildi mig. Því að í

bæninni fann ég svo glöggst samfélagið við Frelsara minn og Drottinn og í Biblíunni fékk ég svo skýr svör þá er ég var í vanda stödd.

Sumir, sem komið höfðu til Reykjavíkur sögðu að ég væri eins og Sáluhjálparhersfólkið, en af því hafði ég þá engin kynni haft. Þegar að því kom að ég skyldi fara, kom fyrsta reynslan. Heimilisástæðurnar voru erfiðar, húsmóðurin mjög lasburða. Það reyndist erfitt að fá hentuga hjálp. Eg var því beðin að vera lengur. Nú var úr vöndu að ráða fyrir mig. Eg þurfti að gefa svarið undir eins. Eg hafði ekki tíma til að fara heim og taka Biblíuna mína og biðja Drottinn um svar. Loks sagði ég: Jæja, kannske ég reyni þá að vera í sumar. Um leið var eins og eitthvað sloknaði í hjarta mínu þrátt fyrir hinn blíða og bjarta sunnudagsmorgun, var eins og myrkur legðist að mér úr öllum áttum og ég var ekki lengur vör hins nývaknaða vorgróðurs, allt í kring um mig varð sem auðn. Mér var samstundis ljóst að ég hafði gjört rangt. Eg reyndi að biðja, en fékk enga huggun í bæninni. Þegar svo skyldustörf heimilisins knúðu mig til að hverfa heim, varð ég þá að meta mest að opna Biblíuna mína, með bæn til Drottins um að gefa mér Orð frá sér, eins og Hann hafði gjört svo oft áður. Þá fékk ég þetta Orð: En Jesús sagði við hann: Enginn, sem leggur hönd sína á plóginn og lítur aftur, er hæfur til Guðsríkis Lúk. 9, 62. Þetta varð mér þungur dómur, en hann var staðfesting á því, sem ég þegar hafði fundið. Það er ómögulegt að lýsa liðan minni þetta sumar. Eg gat ekki talað við nokkurn um ástand mitt. Eg notaði hvert tækifæri til að biðja Drottinn um miskunn, en hvernig, sem ég grét og bað grúfði sífellt yfir sál minni þögn, myrkur og auðn. Þann stutta tíma, sem ég hafði notið samfélagsins við Drottinn, hafði ríkt vongláður og friðsæll unaður í hjarta mér, en nú var ástand mitt mun verra, en áður en mér hlotnaðist endurfæðingin. Áður var ég að leita þess er ég ekki þekkti, en vissi að var eftirsóknarvert. Nú hafði ég fengið að smakka það og komist að raun um að það var langt yfir það er ég hafði gert mér hugmynd um og nú hafði ég misst þennan dýrmæta fjársjóð. Angistin nísti hjarta mitt.

Hafði ég alveg fyrirgert rétti mínum sem Guðsbarn og því tækifæri, sem mér mátti hlotnast til að vinna í Hans vingarði? Við þeirri spurningu fékk ég ekkert svar. Þótt tíminn, sem ég hafði lofað að vera væri liðinn, orsökuðu ýmsar tafir það að ég komst ekki til Reykjavíkur fyrir en nokkru fyrir jól. Hvað ég gæti gjört, var mér alveg hulið. Svo var það aðfangadagskvöld jóla. Það voru fleiri staðir, sem mér var boðið að dvelja á um hátíðina, en ég gat ekki hugsað mér að vera þar, sem gleði að heimsins hætti ríkti. Svo ég fór til systur minnar, sem var til heimilis hjá Hjalpræðishernum í Hafnarfirði, í von um að fá að vera í kyrrbey og ef vera mætti, fá einhverja huggun, en þar var ekki um að tala að fela sig. Páverandi deildarstjóri „Hersins“ og kona hans stóðu fyrir Guðsþjónustu fyrir heimilisfólkið þetta aðfangadagskvöld. Þau urðu komu minnar vör og vildu að ég kæmi til að gleðjast með hinum við jólatréð um kvöldið, en ég sagði að ég gæti það ekki. Þau spurðu mig þá hvort ég elskaði ekki Drottinn. Eg sagði þeim þá, sem var að ég hefði fengið að smakka á þeim unaði, sem friður fyrirgefningarinnar veitir en tapað honum aftur, vegna þess að ég náði ekki að hlýðnast köllun Drottins til þjónustu. Eg hafði ekki skilið hversu valið var alvarlegt, en vegna þess ætti ég nú enga gleði né frið. Þau sögðu þá, við skulum öll krjúpa í bæn til Drottins og þá fékk ég mikla huggun og allt kvöldið var Drottinn að hugga mig bæði í sálmunum, Orði sínu og prédikuninni út frá því. Þá er ég bað Drottinn að gefa mér fullvissu um að Hann virkilega hefði fyrirgefið mér, fékk ég: Skamma stund yfirgaf ég þig, en með mikilli miskunnsemi tek ég þig að mér. Í ofurreiði minni byrgði ég auglit mitt fyrir þér um stund, en með eillifri líkn miskunna ég þér segir Endurlausnari þinn, Drottinn. Jes. 54, 7—8. Hvílik huggun fylgdi Orðinu frá Drottni er ómögulegt fyrir mig að lýsa. Það geta þeir einir skilið sem álíka hafa reynt. Eg mundi ekki eftir, að hafa lagst til svefnis svo innilega sæl og örugg og mér kom í hug að eitthvað þessu líkt mundi litlu barni liða, sem hefði týnst, en væri aftur fundið og umvafið ástríku móðurörmum.

Næsta dag var ég svo á jólasamkomunum og

Enginn er góður nema Guð einn.

Og er Hann var kominn út á veginn, kom maður hlaupandi, féll á kné fyrir Honum og spurði Hann: Góði Meistari, hvað á ég að gjöra, til þess að ég erfi eilíft líf? En Jesús sagði við hann: Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema einn, það er Guð. Þú þekkir boðorðin: Þú skalt ekki morð fremja; þú skalt ekki drýgja hór; þú skalt ekki stela; þú skalt ekki bera ljúgvitni; þú skalt ekki féfletta; heiðra föður þinn og móður. En hann sagði við Hann: Meistari, alls þessa hefi ég gætt frá æsku minni. En Jesús horfði á hann og fór að þykja vænt um hann og sagði við hann: Eins er þér vant; far þú og sel allar eigur þínar og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni; kom síðan og fylg mér. En hann varð dapur í bragði við þau Orð og fór burt hryggur, því að hann átti miklar eignir. Mark. 10. 17—22.

gladdist meir og meir og styrktist í trúnni á fyrirgefandi náð Drottins mér til handa.

Eg hafði aldrei áður lifað slík jól, nú var mér sannarlega létt um hjartað.

Eg hafði reynt hvernig ljósið hafði skinið, hvernig dimmt hafði aftur, og hvernig það á ný hafði skinið, fyrir miskunn Drottins.

Þessi lítilfjörlega viðleitni mín til að viðfrægja dáðir Drottins mér óverðugri til handa, er að eins lítið brot af öllu því, sem ég gæti sagt um Hans miklu miskunn og kærleika, sem ég hefi orðið aðnjótandi síðan og vil ég því ef Guð lofar halda áfram í næsta blaði. Ef þú ert hirðulaus um hjálpræðið, sem Guð hefur búið þér í Jesú Kristi, þá leitaðu Drottins á meðan það heitir í dag.

Ef þú telur þig Guðs barn, þá ber þér að hafa sigur yfir syndinni: Því sá sem syndina drýgir, heyrir djöflinum til.

Og ef Drottinn kallar þig til þjónustu, þá lát ekki ímyndaðan kærleik þinn, til ástvina þinna, tefja þig frá að hlýðnast kölluninni. Því Jesús segir: Hver sem ann móðir eða föður meira en mér er mín ekki verður.

Salbjörg Eyjólfsdóttir.

Góði Meistari, hvað á ég að gjöra til þess að ég erfi eilíft líf? Þannig spurði aðkomumaðurinn, vegna þess að hann vissi, að það var mikils virði að eignast eilíft líf. Nú var tækifærið, til að fræðast um, hvernig hann mætti öðlast það. Því hvað var eftirsóknarverðara fyrir dauðlegan mann, sem á hverri stundu gat búist við dauða sínum, en að eignast eilíft líf?

En Jesús sagði við hann: Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema einn, það er Guð.

Þannig svarar Jesús, til þess að allir megi vita að eilíft líf getur enginn öðlast nema fyrir náð og miskunn hins eina góða Guðs. Svo minnir Hann á boðorðin: Þú skalt ekki morð fremja; þú skalt ekki drýgja hór; þú skalt ekki stela; þú skalt ekki bera ljúgvitni; þú skalt ekki féfletta; heiðra föður þinn og móður.

Boðorðanna hafði hann frá barnæsku gætt, svo ekki þurfti hann að óttast þess vegna, en hann fann að barna-trúin hans var honum ekki nóg til eilífs lífs, því Guðsríkinu heyrði til þroskaðir ávextir og þjónusta við Guð.

En Guð, sem sá hans hreinu breytni, leiddi hann nú til Hans, sem hafði miklu meira að gefa honum og fræða hann um, hærri og æðri boðorð, sem mundi veita honum himneskan fjársjóð og eilíf auðæfi þegar eftir þeim væri breytt..

En Jesús horfði á hann og fór að þykja vænt um hann og sagði við hann: Eins er þér vant.

Þrátt fyrir það, að hann hafði haldið öll boðorðin, var honum samt eins vant, eins og samvizka hans hafði sannfært hann um, og nú vænti hann að fá að vita hvað það væri. Með eftirvæntingu beið hann þess að heyra svar Meistarans, og á svipstundu ómaði það í eyrum hans.

Far þú og sel allar eigur þínar og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himnum, kom síðan og fylg mér.

Tvennt bar honum að gjöra, losa sig við eignir sínar og fylgja Kristi, því sá sem eignirnar ætti, mundi byggja afkomu sína á þeim, en gleyma Guði. Hinn, sem ekkert ætti mundi ákalla Drottinn og vænta miskunnar Hans, eins og svo glögg kemur í ljós, því sá sem hefir allsnægtir, gleymir að þær eru Guðsgjafir, en hinn,

sem ekkert á þakkar Honum fyrir hvern svala-drykk.

Annað atriði var og er að fylgja Kristi, ekki af því að Hann þurfi nokkurs við, heldur til þess að njóta nægta Hans. Sá, sem hefði yfirgefið eignir sínar, mundi fljótlega lenda á vonarvöl ef hann væri ekki í fylgd með Honum, sem allt vald hefir á himni og jörðu. Hjá Honum mundi hann fá að læra að sjá og þekkja leyndardóma himnaríkis og öðlast þá vizku og speki, sem æðri væri öllum auðæfum þessa lífs. Þar var vegurinn kunnur til eilífs lífs og dyrnar opnar að hinni eilífu gimsteinaborg friðarins. Þar sem hinir endurleystu fá að njóta hvað Guð er góður, eins og Hann hefir opinberast í Jesú Kristi Drottni vorum, sem birtist til að burt taka syndir, fyrirgefa misgjörðir og frelsa frá dauða, með því að hinum skráða dauðadómi, sem yfir oss hvíldi, vegna synda vorra, skyldi verða fullnægt á Honum. Því Hann kom frá kærleiksbústað Himnaríkis, lítillækkaði sjálfan sig og gjörðist mönnum líkur, til þess að taka á sig refsinguna, sem vér höfðum verðskuldað.

Vér sjáum Hann ganga um kring, alstaðar gott að gjöra, lækna, líkna, frelsa, fyrirgefa, þó að Hann væri hæddur smánaður, hrjáður og hrakinn. Hann þagði þegar sakir voru á Hann bornar, því Hann tók þær allar á sig og þoldi dóm þeirra vegna. Hann byrgði ekki andlit sitt fyrir háðungum og hrákum. Ekkert beiskyrði leið Honum af vörum. Hann bað fyrir kvölurum sínum. Enda er ávöxtur kvala Hans eilíft líf, fyrir hvern iðrandi syndara, sem ákallar Hann í trú. Því þar, sem Kristur er dáiinn í vorn stað og hefir fullnægt vorum dauðadómi, þá er ekki um neinn dauða að gera framar fyrir oss, sem trúum.

Og þar sem Hann fullnægði réttlætiskröfu lögmálsins, en leið þó kvaladauða vor vegna, þá eru þeir, sem á Hann trúa, leystir frá dómi eins og vitnað er um: Hafa stigið yfir frá dauðanum til lífsins.

Því réttlátur og góður Guð, lætur ekki refsinguna ganga yfir þá, sem Kristur hefir leyst með óbærilegum kvölum.

Þannig þóknaðist algóðum Guði að líkna sekum lýð, með því í Kristi að lýða kvalir og smán-

Þíslarvottar trúarinnar.

Um þíslarvætti konu nokkurar og hennar 7 sona. Það skeði og, að sjö bræður, teknir með móður sinni, voru neyddir til að smakka það forboðna svínakjöt af konunginum, og lamdir með svipum og ólum. En einn af þeim tók til orða og mælti: „Hvers viltu þá spyrja oss, og hvað fá af oss að vita? Því vér erum þess fúsari, að deyja, en yfirtroða lög vorra feðra.“ Þá reiddist konungurinn og bauð að gjöra glóandi pönnurnar og katlana. Og sem þeir voru orðnir glóandi, skipaði hann, að skera strax tunguna úr þeim, sem hafði talað, og flá af honum húðina, og höggva af honum höfuðið og limina, svo að hinir bræðurnir og móðirin sæu. Sem búið var nú að höggva af honum limina, bauð konungurinn að bera hann lifandi á eldinn, og sjóða hann. Og sem gufuna úr katlinum lagði um kring, eggjuðu þeir (bræður) hver annan, með móðurinni, að deyja með hugprýði, og sögðu: „Guð Drottinn sér það og miskunnar oss vissulega, eins og Móse hefir berlega kunngjört í sínum ljóðum, þar sem hann segir: Guð mun miskunna sínum þjónum.“ Þegar sá fyrsti var nú andaður á þennan hátt, leiddu þeir hinn annan til pyntinganna; og sem menn höfðu dregið húð með hári af líkamanum, spurðu þeir hann: „Viltu nú eta, áður en vér pyntum þinn líkama lim fyrir lim?“ En hann svaraði á tungu sinna feðra og sagði: „Nei.“ Hvers vegna hann var pyntaður sem sá fyrsti. En í þeim seinustu andaslitrum mælti hann: „Þú vitstola maður! Þú sviptir oss sönnu þessu lífi, en konungur heimsins mun vekja oss, sem deyjum fyrir hans lögmál, til eilífrar endurlífgunar.“ Eftir þennan var sá þriðji háðulega leikinn, og þá menn heimtu hans tungu, rak hann hana út úr sér, rétti út höndina einarðlega, og mælti með hugprýði: „Frá himni hefi ég þessa fengið, og sakir hans lögmáls gef ég hana,

ardauða á krossi í vorn stað og friðþægja fyrir syndir vorar með sínu heilaga Sáttmálablóði, svo að vér mættum öðlast uppgjöf saka fyrir náð Guðs.

Sjá það Guðs Lamb, sem burt ber synd heimsins.
Einar Einarsson.

og vona, að fá hana aftur hjá honum," svo að konunginn og hans menn furðaði á unglingsins hug, hversu hann mat kvölina einskis. Og sem þessi hafði upp gefið andann, píndu og kvöldu þeir þann fjórða á sama hátt. Og sem hann var kominn að dauða, mælti hann, það er æskilegt, þá maður er deyddur af mönnum, að hafa þá von til Guðs, að verða af honum uppvakin til lífsins. Eftir þetta leiddu þeir fram þann fimmta og píndu hann, þessi leit upp á konunginn og mælti svo: „Af því þú ert voldugur meðal mannanna, en þótt þú sért dauðlegur, gjörir þú, hvað þú vilt, en hugsa þú ekki, að vort fólk sé af Guði yfirgefið. Bið að eins, þá muntu fá að reyna hans mikla mátt, hversu hann mun refsa þér og þinni ætt.“ Eftir þennan leiddu þeir fram hinn sjötta, og þá hann var að dauða kominn, mælti hann: „Drag ei sjálfan þig á talar til einskis, vér þolum þetta fyrir eigin sök, þar er vér höfum syndgað móti Guði vorum, og því eru undur þessi skeð. En ætlast þú ekki til, að þú verðir óhengdur, þar eð þú hefir dirfst að stríða móti Guði.“ En yfir höfuð var móðirin aðdánlegust, og þess makleg, að hennar sé getið með hrósi, sem sá sína sjö syni líflátna á einum degi, og þoldi það með hugprýði, af voninni til Drottins. Hvern og einn af þeim áminti hún, full eðallyndis, í feðranna tungu máli, og hressti kvenmannssinnið með karlmannshug, og sagði við þá: „Ekki veit ég hvernig þér eruð til orðnir í mínum kviði, ekki hefi ég heldur gefið yður andardrátt og líf, ekki hefi ég afmælt frumefni hvers yðar. Því mun heimsins skapari, sem myndað hefir manninn, og upphugsað sköpun allra hluta, gefa yður aftur miskunnsamlega andardrátt og líf, þegar þér framseljjið yður nú sakir hans lögmáls.“ En Antiokus sem hélt verið væri að gjöra gys að sér, og ætlaði, að talið konunnar, væri spott, taldi um fyrir þeim yngsta, sem enn þá var eftir, ei að eins með orðum, heldur sór honum dýran eið, að hann skyldi gjöra hann ríkan og sælan, ef hann segði sig undan lögum feðranna, og skyldi hafa hann fyrir vin og trúa honum fyrir embættum. En sem unglingurinn gaf þessu engan gaum, kallaði konungurinn móðurina, og áminnti hana, að ráða drengnum heillt, þá er hann hafði nú lengi talað um fyrir

henni, tókst hún á hendur að yfir tala soninn. Hún laut niður að honum, og mælti, í því hún gjörði gys að hinum grimma harðstjóra, á tungu feðranna: „Sonur, aumkastu yfir mig, sem bar þig níu mánuði undir hjartanu, og hafði þig þrjú ár á brjósti, og hefi nært þig og uppalið til þess aldurs, og um þig hirt. Eg bið þig, barn, horfðu upp í himininn, og á jörðina, og á allt, sem í þeim er að sjá og þekkja, og vit að Guð hefir gjört þetta af engu, og að mannkynið er eins til orðið. Vertu ekki hræddur við þennan böðul, heldur sín þig verðugan þínum bræðrum og þol þú dauðann, svo ég fyrir Guðs náð finni þig aftur með þínum bræðrum.“ Meðan hún var að tala, sagði ungmennið: „Hvers bíðið þér? Eg hlýði ei konungs boðinu, heldur hlýðnast ég boði lögmálsins, sem vorum feðrum var gefið fyrir Móse. En þú, sem ert orðinn frumkvöðull alls ills við Hebrea, þú munt ei umflýja Guðs hendur. Því vér þolum illt sökum vorra synda. En þó að sá lifandi Drottinn reiðist oss um stuttan tíma, til að refsa oss og aga, svo mun hann líka sættast aftur við sína þjóna. En þú guðlaus maður, og allra manna afhrak, hroka þér ei til ónýtis, ætlandi upp á fánýta von, þá þú lyftir upp þinni hendi móti hans þjónum. Því enn hefir þú ei sloppið undan hegning þess almáttuga og alskyggna Guðs. Vorir bræður hafa nú þolað stutta kvöl og eru í sáttmála Guðs komnir til eilífs lífs, en þú munt fyrir Guðs dóm meðtaka makleg laun fyrir þinn ofmetnað. Eg, eins og bræður mínir, gef út líkama og sál fyrir feðranna lögmál, og bið Guð, að hann fljótt verði náðugur sínu fólki, og að þú hljóttir að viðurkenna, undir kvölum og pyntingum, að hann sé sá eini Guð. En að reiði hins almáttuga, sem maklega er kominn yfir allt vort fólk, stöðvist hjá mér og mínum bræðrum.“ Konungurinn, orðinn óður, fór en ver með þennan, en hina aðra, því af spottinu varð hann en heiptugri. Og svo uppgaf þessi saklaus unglingur andann í fullu trausti til Guðs. Seinast eftir synina dó líka móðirin. Þetta sé nóg sagt um blótin og þær óvenjulegu pyntingar.

II. Makkabea bókin 7. kap.

2. töl. 1949. 2. árg. Gefið út af Sjálfseignarstofnuninni Austurgötu 6, Hafnarfirði. Ritnefnd: Einar Einarsson, Frimann Ingvarsson, Ögmundur Jónsson. Sími 9075. —

Herbertsprent